

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitastjórnarlaganna, sbr. lög nr. 44, 19. maí 1930 um refaveiðar og refarækt, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 76
24. júlí

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Framkvæmdasjóð Hellissands, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. ágúst 1930. Skipulagsskráin er þannig: 77
29. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framkvæmdasjóð Hellissands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Framkvæmdasjóður Hellissands“.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er fé það, er kom inn fyrir seld marsvín er rekin voru á land í septembermánuði 1927, sem varð að frádregnum útgjöldum kr. 3947,69 — þrjú þúsund níu hundruð fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar —, er nú er þannig ráðstafað:

1. Lánað Neshreppi utan Ennis kr. 3500,00 — þrjú þúsund og fimm hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.
2. Lánað Búnaðarfélagi Neshrepps utan Ennis kr. 300,00 — þrjú hundruð krónur — samkvæmt skuldabréfi dags. 23. október þ. árs.
3. Krónur 147,69 — eitt hundrað fjörutíu og sjö krónur og sextíu og níu aurar — lagt inn á Sparisjóð Ólafsvíkur.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hverskonar verklegar framkvæmdir í Hellissandskaupúni með því að veita lán úr honum með vægum vöxtum og

77 lögum gjaldfresti. Fé sjóðsins má ekki lána einstökum mönnum eða félög-
29. júlí um nema með hreppsábyrgð.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, ásamt því er við hann bætist með vöxtum eða á annan hátt, má aldrei skerða með gjöfum eða öðrum ráðstöfunum.

5. gr.

Fé sjóðsins, sem ekki er í útlánum, skal ávaxta í tryggum sparisjóði eða banka.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipar þriggja manna nefnd, er allir séu búsettir á Helli- sandi og vinni störf sín við sjóðinn endurgjaldslaut, minsta kosti næstu 20 — tuttugu — ár. Skal einn kosinn af sýslunefnd í Snæfellsness- og Hnappa- dalssýslu, annar af hreppsnefnd í Neshreppi utan Ennis og sá þriðji af hrepps- búum á manntalsþingi. Skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn og skipti með sér verkum.

Stjórnin haldi nauðsynlegar bækur yfir reikningshald sjóðsins og fram- kvæmdir. Andvirði nauðsynlegra bóka og önnur útgjöld greiðast af sjóðnum eftir reikningi

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikingar hans gerðir upp í janúarmánuði árlega, endurskoðast af þeim, er endurskoða hrepps- reikinginn og síðan sendir með honum sýslunefnd til yfirendurskoðunar og samþykkis.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta fyr en höfuðstóll sjóðsins er orð- inn kr. 40000,00 — fjörutíu þúsund krónur — og þá því aðeins að $\frac{2}{3}$ — tveir þriðju hlutar — atkvæðisbærra hreppsþúa, greiði atkvæði með breytingunni á opinberum hreppsfundi, ennfremur að því tilskildu, að hreppsnefnd Nes- hrepps Ytri og sýslunefnd í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu samþykki breytinguna.

9. gr.

Leitað skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B deild Stjórnartíðindanna.

Hellissandi 25. október 1929.